

Tillaga

Sveitarfélaginu Árborg hefur nú boðist til kaups húsnæði sem hugsanlegt væri að nota undir starfsemi frístundamiðstöðvar eins og henni er lýst í greinargerð menningar- og frístundafulltrúa og félagsmálastjóra.

Lagt er til við bæjarráð að gerð verði ástandsskoðun á húsnæðinu og kannað hvort það hæfir til starfseminnar.

Jafnframt er lagt til að umfjöllun um hugsanlega frístundamiðstöð verði vísað til félagsmálanefndar, fræðslunefndar og íþróttá- og menningarnefndar.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur umræða um húsnæði sem gæti hýst fjölbreytta starfsemi í frístundastarfi sveitarfélagsins reglulega komið upp. Um er að ræða hugmyndir sambærilegar og sjást á Norðurlöndunum í svokölluðum „fritímahúsum“ en þá eru fjölbreytt starfsemi í sama húsnæðinu og getur samnýtt hluta hennar.

Rætt hefur verið óformlega um að skoða möguleikann á því að setja eftirfarandi stofnanir á sama stað sem gæti styrkt faglegt starf sem og samnýtingu á starfsfólki og húsnæði:

- Félagsmiðstöðin Zelsíuz
- Ungmennahúsið Pakkhúsið / Ungmennaráð
- Selurinn - frístundastarf fatlaðra 16 ára og eldri
- Kotið – frístundaklúbbur fyrir fötluð grunnskólabörn í 5-10.bekk (Eru í Glaðheimum en vantar stærra húsnæði)
- Auðlindin
- Lengd viðvera fyrir fatlaða einstaklinga á framhaldsskólaaldri (nýtt)
- Skátafélagð Fossbúar (eða láta þá vera áfram í Glaðheimum)
- Hugmynd er að færa með tímanum skrifstofur félagsþjónustu, skólaþjónustu og frístundaþjónustu í þessa miðstöð
- Mögulega safnfrístund fyrir 3-4 bekk (útfrá plássleysi á frístundaheimilum)
- Mögulega starfsemi Stróks sem er núna að Skólavöllum 1
- Annað sem gæti komist fyrir ef húsnæðið leyfir

Ef af kaupum yrði gæti sveitarfélagið mögulega selt aðrar eignir eða notað undir aðra starfsemi. Um gæti verið að ræða:

- Pakkhúsið, Austurvegi 2b, Zelsíuz og Pakkhúsið (Um 550m² að stærð)
- Glaðheimar, Kotið og Skátar sem er staðsett í miðju Selfoss (um 220m² að stærð)
- Húsnæði Stróksins að Skólavöllum 1 á Selfossi (Um 200m² að stærð)

Eftir umræður viðkomandi sviðsstjóra við starfsfólk þeirra stofnanna sem horft er til að geti verið saman þá sjá allir ótvíræða kosti þess að vinna betur saman með þessum hætti og samnýta ákveðna hluti í starfsseminni auk þess faglega ávinnings að starfsmenn geti unnið nánar saman. Það eru því allir áhugasamir um að vinna betur að málinu og hefur hver stofnun verið að þarfagreina sína starfsemi þessa dagana.

Eins og fram hefur komið áður þá teljum við að þessi hugmynd geti gefið sveitarfélaginu mikla möguleika til framtíðar og bætt frístundaþjónustu við börn á öllum aldri sem og fjölskyldur þeirra. Til viðbótar teljum við að hægt sé að ná ákveðinni hagræðingu í starfsmannahaldi þar sem auðveldara verður að samnýta starfsmenn í sama húsnæðinu.

Bragi Bjarnason, menningar- frístundafulltrúi

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, félagsmálastjóri

Þorsteinn Hjartarsson, fræðslustjóri

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri